

# **Stjórnarfundur FFA**

Haldinn 11. janúar 2010

Mættar: Kristjana Guðlaugsdóttir, Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Telma Dögg Guðlaugsdóttir.

## **1. Undirbúningur félagsfundar**

Fundurinn byrjar kl. 19.00 en Marta Eiríksdóttir mun taka við kl. 20.00 og halda fyrirlestur fyrir foreldra á vegum FFGÍR. Fulltrúi í fagráði mun fara yfir gang mála en enginn skólaráðsfundur hefur verið haldinn síðan fyrir síðasta félagsfund. Hafdís mun segja frá gangi mála varðandi peysumálin. Vonandi mun einhver koma og upplýsa fundarmenn um ritfangamálin.

Einnig væri gott að upplýsa fundarmenn um gang mála hjá FFGÍR en þar er efst á baugi sparnaður vegna sérkennslu, forföll í grunnskólum bæjarins og umferðarmál.

## **2. Námsráðgjafi**

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með að nú væri verið að auglýsa eftir námsráðgjafa við skólann. Umsóknarfrestur rennur út um miðjan mánuðinn.

## **3. Reikningar vegna laufabrauðsgerðar**

Enn á eftir að gera upp reikninga vegna laufabrauðsgerðar. Hulda mun hafa samband við Kristínu vegna málsins.

## **4. Félagsgjöld FFA**

Innheimta félagsgjalda gengur mjög vel og ætlar innheimtan að vera góð eins og hin fyrri ár.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir